



Sveitarstjórnarfundur 24. júlí 2024

Miðvikudaginn 24. júlí 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 23. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Hildur Aradóttir og Arnlín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 23. fundar:

1. Fundargerð 22. sveitarstjórnarfundar 09.06.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Kaldrananeshreppur í Brothættar byggðir
5. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar
6. Hitaveita norðan við Drangnes
7. Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035
8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins
9. Umhverfissvottun sveitarfélaga
10. Beiðni um umsögn vegna tilraunaleyfis til skelræktar
11. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða
12. Erindi frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu

Fundargerð:

1. Fundargerð 22. sveitarstjórnarfundar 09.06.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir

3. Aðrar fundargerðir

- 148. fundur Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis, 18.07.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Þriðji fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 28.02.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Fjórði fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 04.04.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Fimmti fundur svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 15.05.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Samband íslenskra sveitarfélaga, 948. fundur stjórnar, 31.05.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

- Samband íslenskra sveitarfélaga, 949. fundur stjórnar, 13.06.2024. Fundargerð lögð fram til kynningar.
- Samband íslenskra sveitarfélaga, 950. fundur stjórnar, 21.06.2024. Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Kaldrananeshreppur í Brothættar byggðir

Kaldrananeshreppur stendur fram fyrir miklum áskorunum vegna fólksfækkunar, hækkandi meðalaldurs og stöðunar í atvinnulífinu. Með inntöku í verkefnið Brothættar byggðir sem er á vegum Byggðastofnunar, verður Kaldrananeshreppi veitt nauðsynlegur stuðningur til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem til þarf.

Fyrir liggur greinargerð sveitarstjórnar sem fylgja þarf með umsókn sveitarfélagsins í verkefnið Brothættar byggðir.

Greinargerð lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að sækja um aðild að Brothættum byggðum, hjá Byggðastofnun og felur skrifstofustjóra að senda inn umsóknina. Borið upp og samþykkt.

5. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar

Í maí síðastliðnum var auglýst allt að 300 þorskígildistonn vegna Drangsness fyrir næstkomandi sex fiskveiðiár á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 og sbr. 10. gr. laga nr. 116/2006.

Nú óskar Byggðastofnun eftir umsögn frá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps svo hægt sé að ljúka endanlegri afgreiðslu.

Umsókn lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn og lýsir yfir ósk að veit verði meiri afli til Drangsness til að styðja við þá uppbyggingu sem er að eiga sér stað og rjúfa þá stöðun sem atvinnulíf á svæðinu. Því til stuðnings vísar sveitarstjórn til umsóknar sinnar að Brothættum byggðum hjá Byggðastofnun og greinargerðar um stöðu svæðisins. Skrifstofustjóra falið að bregðast við. Borið upp og samþykkt.

6. Hitaveita norðan við Drangsnæs

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps kannaði áhuga fasteignaeigenda norðan við Drangsnæs, hvort vilji sé að fá hitaveitu í fasteignir sínar frá borholu á Drangsnési. Tekið var vel í erindið og liggur nú fyrir frumkostnaðaráætlun frá Stoð ehf.

Frumkostnaðaráætlun lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að halda áfram forkönnun og undirbúningi á hitaveitu norðan við Drangsnæs.

Oddvita falið að afla gagna frá Orkusjóði og nauðsynlegra verkfræðigagna.

Borið upp og samþykkt.

7. Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035

Fyrir liggja drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035

Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn veitir engar athugasemdir og felur skrifstofustjóra að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

8. Starfsmannaráðningar sveitarfélagsins

Auglýst var eftir starfskrafti við Sundlaugina á Drangsnesi í 50% starf þann 4. júní síðastliðinn á vefsíðu hreppsins og samfélagsmiðlinum Facebook.

Helstu verkefni eru skilgreind sem:

- Öryggisgæsla og eftirlit.
- Afgreiðsla og aðstoð við viðskiptavinum.
- Eftirfylgni með umgengnisreglum.
- Eftirlit með gæðum sundlaugarvatns.
- Umsjón með hreinlæti í og við laug.

Tvær umsóknir bárust vegna umrædds starfs.
Sveitarstjórn ákveður að samþykkja aðra umsóknina.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

9. Umhverfisvottun sveitarfélaga

Fyrir liggur minnisblað frá Hjörleifi Finnssyni, verkefnastjóra umhverfis og loftlagsmála um umhverfisstjórnunarlausnir fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum og samþykkt framkvæmdaráð Earth Check á Vestfjörðum, um að hefja samtal við sveitarfélögin um nýtt umhverfisstjórnunarkerfi í stað Earth Check.

Minnisblað lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

10. Beiðni um umsögn vegna tilraunaleyfis til skelræktar

Matvælastofnun óskar eftir umsögn sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps um nýtt tilraunaleyfi vegna skeldýraræktar á Bláskel (*Mytilus edulis*) í Bjarnarfirði.

Erindi Matvælastofnunar lagt fyrir.
Sveitarstjórn tekur vel í hugmyndina að veita tilraunaleyfi í sveitarfélaginu, en umrætt svæði er óhentugt þar sem þar eru þekkt og mikið nýtt fiskimið, bæði grásleppa og bolfiskur.

Því veitir sveitarstjórn neikvæða umsögn um fyrirbyggjandi staðsetningu en lýsir til tilbúin til að ræða aðrar hentugar staðsetningar.
Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

11. Eftirlitsskýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla Samkomuhússins Baldur greinir frá því að betrubæta þarf losunaraðstöðu fyrir ökutæki og ferðavagna. Það vantar steyppt plan í kringum stútana og merkja þarf slöngur ætlaðar til skólunar.

Eftirlitsskýrsla Gvendarlaugar hins góða ber engar athugasemdir.

Skýrsla lögð fram til kynningar.

12. Erindi frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Opinbert markmið stjórnvalda um aðgengi að ljósleiðara hefur verið að allir þéttbýlisstaðir og byggðakjarnar á landinu nái a.m.k. 80% hlutfalli tengdra lögheimila fyrir árslok 2028.

Því stendur til að gera sveitarfélögum tilboð um 80.000 kr. styrk til að kosta jarðvinnu við að tengja hvert slíkt heimilisfang fyrir árslok 2026. Sú upphæð jafngildir áætluðum meðaltals jarðvinnukostnaði fyrir hvert heimilisfang og er jafnframt sambærileg upphæð og fjarskiptafyrirtæki setja upp sem tengigjald fyrir lögheimili í þéttbýli á markaðsforsendum.

Á Drangnesi er eitt styrkhæft heimilisfang og óskar Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið eftir svar sveitarfélagsins við umræddu tilboði.

Erindi lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 21:50